

Nd.

396. Breytingartillögur

[120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
 12. gr. laganna breytist sem hér segir:
 - a. 1.—4. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

 - a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
 - b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Után kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.
 - b. 6. mgr. falli niður.
 2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
 14. gr. laganna breytist sem hér segir:
 - a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.
 - b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
 - c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.
 3. Við 16. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.